# Föstudagur 28. júlí



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (31)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Litli sægarpurinn** (Jack Holborn). Ellefti þáttur. Nýsjálenskur myndaflokkur í tólf þáttum. Aðalhlutverk Monte Markham, Terence Cooper, Matthias Habich og Patrick Bach. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Fiðringur.** Þáttur fyrir ungt fólk í umsjá Bryndísar Jónsdóttur. Stjórn upptöku: Hákon Oddsson.
21.00 **Valkyrjur** (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamálamyndaflokkur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
21.50 **Eitruð sending** (Inspector Morse – Deceived by Flight). Bresk sakamálamynd frá 1988 með John Thaw í hlutverki Morse lögregluforingja. Nokkrir krikkettleikarar koma saman í Oxford til þess að taka þátt árlegri keppni eldri deilda en áður en leikar hefjast finnst einn mannanna látinn. Þýðandi Gunnar Þorsteinssson.
23.35 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Mín kæra Klementína.** My Darling Clementine. Úrvals vestri og jafnframt ein þekktasta mynd leikstjórans Johns Ford. Myndin segir sögu Wyatt Earp og bræðra hans sem áttu í sífelldum óeirðum og útistöðum við lögin. Aðalhlutverk Henry Fonda, Victor Mature og Walter Brennan.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.00 **Teiknimynd.** Skemmtileg teiknimynd fyrir alla aldurshópa.
20.15 **Ljáðu mér eyra...** Glóðvolgur og ferskur þáttur um allt það nýjasta sem er að geraxt í tónlistarheiminum. Umsjón Pia Hansson.
20.45 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.15 **Landgönguliðið.** Baby Blue Marine. Með hlutverk landgönguliðans Marions fer Jan-Michael Vincent sem er áhorfendum að góðu kunnur úr hinum vinsæla framhaldsflokki Þrumufuglinum. Marion stendur sig ekki í undirstöðuþjálfuninni fyrir síðari heimsstyrjöldina. Er hann sendur heim í bláum baðmullarfötum. Fötin tákna að hann sé ekki hæfur í herinn. Á heimleiðinni hittir hann raunverulega stríðshetju en saman deila þeir ævintýralegu kvöldi á bar. Daginn eftir vaknar Marion íklæddur einkennisbúningi stríðshetjunnar sem er á bak og burt. Marion heldur sem leið liggur til næsta þorps og er tekið þar sem sannri stríðshetju. En hann kynnist ungri stúlku og þá vaknar spurningin um hvort hann eigi að afhjúpa sig eða ekki. Aðalhlutverk Jan-Michael Vincent, Glynnis O'Connor, Katherine Helmond og Dana Elcar.
22.45 **Í helgan stein.** Coming of Age. Léttur gamanmyndaflokkur sem fjallar um fullorðin hjón og lífsmáta þeirra eftir að þau setjast í helgan stein. Aðalhlutverk Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.
23.10 **Úr öskunni í eldinn.** A Deadly Business. Hörkuspennandi mynd sem byggð er á atburðum úr lífi fyrrverandi tukthúslims, Harolds Kaufman, sem fórnaði lífi sínu til þess að koma upp um skipulögð glæpasamtök. Þessi samtök hylmdu yfir raunverulega starfsemi sína með því að starfa sem venjulegt sorphreinsunarfyrirtæki. En til þess að drýgja tekjurnar tók það við geislavirkum úrgangi frá verksmiðjum og losaði hann með skaðlausa úrganginum á óvernduðum svæðum. Þeir Alan Arkin og Armand Assante fara með stórleik í þessari afbragðs spennumynd. Aðalhlutverk Alan Arkin, Armand Assante, Michael Learned og Jon Polito.
0.40 **Hvíta eldingin.** White Lightning. Spennumynd með úrvals leikurum. Aðalhlutverk Burt Reynolds, Jennifer Billingsley og Ned Beatty. Bönnuð börnum.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn. Séra Hreinn Hjartarson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar, eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (4.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Sveitasæla.** Umsjón: Signý Pálsdóttir (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (31).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Annar þáttur af sex um stefnu og stefnuleysi í umsjá Smára Sigurðssonar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Suppé, Rossini, Dvorák, Dukas og Sarasate.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar, eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (4). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Lúðraþytur** – Frá 20 ára afmælistónleikum Sambands íslenskra skólalúðrasveita. Síðari hluti. Að þessu sinni leika yngri deildirnar. Kynnir: Skarphéðinn Einarsson.
21.00 **Sagnameistari í Húnaþingi.** Dagskrá um Magnús Björnsson á Syðra-Hóli, í aldarminningu hans. Baldur Pálmason tók saman.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kringum hlutina.** Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Lísa Pálsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
0.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

2.00 **Fréttir.**
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
3.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
7.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynnt undir helgarstemmningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturdagskrá.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Gunnlaugur leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **.Margrét Hrafnsdóttir.** Margrét stjórnar tónlistinni með duglegri hjálpa hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Þægileg og róleg tónlist milli kl. 18.10 og 19. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
19.00 **Kristófer Helgason.** kemur fólki í helgarstuð. Óskalög og kveðjur.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
3.00 **Næturstjörnur.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

09.00 **Rótartónar.**
11.00 **Við við viðtækið.** E.
12.30 **Goðsögnin um G. G. Gunn.** E.
14.00 **Í upphafi helgar...** með Guðlaugi Júlíussyni.
17.00 **Geðsveiflan** með Alfreð J. Alfreðssyni.
19.00 **Raunir.** Tónlistarþáttur í umsjá Reynis Smára.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Emils Arnar og Hlyns.
21.00 **Gott bit.** Tónlistarþáttur í umsjá Kidda kanínu og Þorsteins Högna.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## EFF EMM

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
18.30 **Ants.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur
22.30 **World's Funniest Commercial Goofs.**

## SKY MOVIES

13.00 **Space Camp.**
15.00 **Summerdog.**
17.00 **Chariots of Fire.**
19.00 **Just Between Friends.**
21.00 **The Long Good Friday.**
22.55 **Mona Lisa.**
00.45 **Badlands.**

## EUROSPORT

9.30 **Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
10.00 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
10.30 **Knattspyrna.** Knattspyrnuhetjur Evrópu sýna listir sínar.
12.30 **Sundknattleikur.** Heimskeppni í Berlín.
13.30 **Hjólreiðar.** Helstu atburðir Tour de France rifjaðir upp.
14.30 **Ástralski fótboltinn.**
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Hafnabolti.** Leikur vikunnar úr amerísku deildinni.
17.00 **Knattspyrna.** Gamlir kappar frá Englandi og Hollandi keppa.
19.00 **Tennis.** Frá Stuttgart.
21.00 **Rugby.** Hörkukeppni í áströlsku deildinni.
22.00 **Knattspyrna.** Úr leik Hollendinga og Breta.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Foley Square.**
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **In Concert Special.**
22.10 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Jan-Michael Vincent fær að kenna á því í herbúðunum, auminginn sem hann er, en hann á eftir að standa sig.**

### Stöð 2 kl. 21.15:

# Landgönguliðinn

Marion er ungur maður á leið í herinn í heimsstyrjöldinni síðari. Glaður og reifur fer hann í þjálfunarbúðirnar en hefur ekki erindi sem erfiði: hann stenst ekki lágmarkskröfur sem herinn gerir til manna sinna. Hann er því færður í blá baðmullarföt, sem tákn um niðurlægingu hans, og sendur heim.

Á heimleið rekst Marion á sanna stríðshetju og setjast þeir félagar að drykkju eina kvöldstund. Þar kvartar hetjan sáran yfir missi stríðsfélaga sinna. Næsta morgun vaknar Marion með timburmenn og kemst að því að hetjan hefur haft á þeim fataskipti og er á bak og burt.

Þegar í hetjubúninginn er komið breytist allt til batnaðar, virðing er borin fyrir Marion og ung stúlka verður ástfangin af honum. Hann segir henni þó hvers kyns sé og hún sýnir því mikinn skilning. En þá ber heldur betur vel í veiði. Nokkrir japanskir fangar sleppa úr búðum skammt þar frá og Marion tekur þátt í eltingaleiknum. Loksins fær han tækifæri til að sýna hvað í honum býr.

Aðalhlutverk myndarinnar leikur hinn píreygði Jan-Michael Vincent og á móti honum er m.a. Glynnis O'Connor. Leikstjóri er John Hancock.

Maltin gefur myndinni tvær og hálfa stjörnu.

### Sjónvarp kl. 21.50:

# Eitruð sending



**Morse leynilögregluforingi rannsakar morð á krikketleikara.**

Morse leynilögregluforingi í Oxford er enn einu sinni mættur til leiks í Sjónvarpinu, aðdáendum sínum til óblandinnar ánægju. Að venju er morðgátan, sem hann fæst við, í flóknara lagi.

Lewis undirforingi fær loksins tækifæri til að láta ljós sitt skína þegar hann tekur þátt í krikketleik gamlingjanna í The Clarets XI. Lið þetta kemur árlega saman í Oxford og sýnir listir sínar. En einn liðsmanna deyr óvænt áður en blásið er til leiks.

Morse tekur að snuðra og hnusa og kemst fljótlega að því að liðsmenn Clarets höfðu annað og meira en krikket í huga þegar þeir komu til Oxford. Hvað það er verður bara að koma í ljós.

John Thaw leikur Morse að vanda og með honum koma fram Kevin Whatley, Amanda Hilliwood, Norman Rodway og fleiri. Handritið er byggt á sögu eftir Colin Dexter.

### Stöð 2 kl. 23.10:

# Úr öskunni í eldinn

Þessi hörkuspennandi mynd er byggð á sannsögulegum atburðum í lífi Pauls Kaufman, fyrrum glæpamanns, sem hættir lífi sínu við að ljóstra upp um aðild glæpasamtaka að losun ólöglegs efnaúrgangs.

Í upphafi myndarinnar er Kaufman nýsloppinn úr tukthúsinu eftir 20 ára búsetu og á sér enga ósk heitari en að gerast heiðvirður borgari og lifa eðlilegu lífi. Þess í stað lendir hann í slagtogi með Charles Macaluso, tunguliprum glæpaforingja sem sér aukinn gróða í að losa atvinnurekendur við eitraðan efnaúrgang í stað venjulegs rusls.

Kaufman verður æ flæktari í neti spillingarinnar. Hann ákveður þó loks að láta til skarar skríða að undirlagi einmana konu sem hann er orðinn ástfanginn af. Eitthvað verður að gera. Kaufman gerist uppljóstrari fyrir FBI og vitnisburður hans leiðir að lokum til þess að glæpamaðurinn er dæmdur til fangavistar.

Aðalhlutverkin eru í höndum Alans Arkin, Armands Assante og Michaels Learned. Leikstjóri er John Korty.

Handbók Maltins gefur Arkin góða einkunn fyrir leik sinn og segir myndina fyrir ofan meðallag.